

Stefnumótunarfundur 22.9.2012

Stefnumótunarfundur hjá stjórn Félags stjórnsýslufræðinga

Tími: 22. september 2012 kl. 11:45-14:30.

Staður: Tryggvagata 19, Tollhúsið, 1. hæð.

Mætt: Eggert Ólafsson, Elvar Örn Arason, Gestur Páll Reynisson, Rósa G. Bergþórsdóttir og Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Stefnumótunarskjal fyrir árið 2011-2012

Staðan var tekin og farið yfir þau mál sem rædd voru á stefnumótunarfundinum í fyrra. Skoðað var hvað hefur áunnist.

Fræðsla til félagsmanna:

- Gerður hefur verið samningur við Endurmenntun HÍ um afslátt til félagsmanna á fræðslu er varðar stjórnsýsluna.
- Dokkan:

Ákveðið að fara ekki í formlegt samstarf við Dokkuna á þessu misseri þar sem öll orkan fer í ráðstefnuna 18. október nk. Þó var samstarf síðar meir ekki útilokað. RGB mun senda svar þessa efnis.

- Fyrir áramót er fókusinn á ráðstefnuna 18. október um áhrif aðildarviðræna og EES sammingsins á íslenska stjórnsýslu, ráðstefnan er umfangsmikil og er áherslan á hana á þessu misseri.
- Eftir áramót - hver á áherslan að vera?
 - o Tveir til þrjú minni fundir.

Hugmyndir að fundarefni:

- o Horfa til þess að það eru að koma kosningar og fókusera á þann þátt.
- o Fjölgun/fækkun ráðuneyta eftir kosningar. Þetta eru fyrstu kosningarnar eftir rannsóknarskýrslu Alþingis - hefur fækkun ráðuneyta og aukiðsamstarf milli ráðuneyta verið til bóta?
- o Fylgjast með stefnuskrá flokkanna eftir landsfundi þeirra.
- o Gæti verið fundur í mars um þetta mál með forsvarsmönnum stjórnmalaflokkanna.

Yfirferð deilimarkmiða 2011-2012:

1. Að stuðla að því að félagsmenn og aðrir áhugamenn um stjórnsýslufræði njóti fræðslu og endurmenntunar.

- a) Samstarf við Endurmenntun HÍ - það er komið á.
- b) Dokkan - Var virkt á síðasta ári en ekki er tilefni til samstarf haustið 2012 vegna ráðstefnunnar(RGB svarar)
- c) Samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Skoða áframhald á þessari vinnu. RGB tekur það að sér. Ákveðið að fara betur yfir fræðslukönnunina til að meta framhaldið fyrir fræðsluþörfina.

2. Að kynna menntun félagsmanna og efla ímynd þeirra

a) Útgáfa fræðiritis

Erfitt verkefni og líklega lítið pláss á markaðnum þar sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála stendur fyrir metnaðarfullri útgáfu. Rætt um formlegt samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála um þeirra rit - GPR mun tala við Ástu um þetta mál.

b) Útgáfa bæklinga:

Ákveðið að gera ekkert með þetta í bili.

c) Greinaskrif:

sjá lið a)

d) Fréttabréf

GPR tekur að sér að skoða þetta og býður sig fram í ritnefnd ásamt EÖA.

- o Markmið fréttabréfs: að miðla betur upplýsingum til félagsmanna.
- o Gefa mætti út fréttabréf í lok starfsárs þar sem árið væri gert upp.
- o Rætt um að mynda faghópa t.d. ritnefnd. Það væri hægt að taka einhver viðtöl t.d. við aðila sem hefur lært MPA í öðru landi.
- o Ákveðið að senda póst á alla félagsmenn um að óska eftir liðsstyrk í ritnefnd - GPR gerir drög að pósti þessa efnis.

e) Ályktanir

Geta verið tvíeggja sverð og vandmeðfarnar. Við útilokum þó ekkert hér.

f) Umsagnir

Eru í góðu ferli.

g) Endurskoða heiti á vefsvæði og útlit lógós.

Komið nafn á vefsvæðið (stjornsysla.is) og útlit lógós er í vinnslu.

3. Að efla kynni og tengsl félagsmanna

Þetta er aðallega gert með fundum og á Facebook.

4. Að stuðla að faglegri og skilvirkri stjórnsýslu

Umsagnir stuðla að því, sem og fundirnir og tengsl við Endurmenntun HÍ.

Fleira ekki rætt og stefnumótunarfundi slitið kl. 14:30